

ICELAND/ISLANDE

ÍSLAND.

Upplýsingar um samninginn um flutning dæmdra manna.

Samkvæmt samningnum um flutning dæmdra manna, geta þeir sem dæmdir hafa verið til frjálsræðissviptingar (fangelsisvistar) erlendis, að uppfylltum tilteknum skilyrðum, verið fluttir til Íslands til að afplána refsinguna.

Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir því í hvaða tilvikum slíkur flutningur getur komið til greina. Ef þú óskar að verða fluttur til áframhaldandi afplánunar á Íslandi, getur þú beðið fangelsisfyrirvöld í því landi þar sem þú ert, íslenskan ræðismann, sendiráð eða íslenska dómsmálaráðuneytið um frekari upplýsingar.

Hverjir þurfa að samþykkja flutning?

Allir eftirtaldir aðilar þurfa að samþykkja flutning:

- Þú sjálfur eða fyrirsvarsmáður þinn,
- það ríki þar sem dómur er kveðinn upp og
- íslenska dómsmálaráðuneytið.

Hverja er heimilt að flytja til Íslands?

Eftirfarandi skilyrði þurfa að vera uppfyllt:

- Þú verður að vera íslenskur ríkisborgari eða með fasta búsetu á Íslandi,
- dómurinn verður að vera endanlegur,
- það þurfa að vera að minnsta kosti sex mánuðir óafplánaðir af refsingu dómsins þegar beðið er um flutning (í undantekningartilvikum er þó heimilt að víkja frá þessu skilyrði) og
- sá verknaður sem þú varst dæmdur fyrir verður einnig að teljast afbrot samkvæmt íslenskum lögum.

Hvaða refsingu verður fullnægt eftir flutning til Íslands.

Eftir að maður er fluttur til Íslands er heimilt að fullnusta dóminn þar með tvennum hætti. Í fyrsta lagi að haldið verði áfram að fullnusta refsinguna í samræmi við upprunalega dóminn. Í öðru lagi að refsingunni verði breytt í refsingu sem svarar til þeirrar refsingar sem þú hefur hefðir fengið ef afbrotið hefði verið framið á Íslandi.

Dómsmálaráðuneytið ákveður hvor aðferðin er notuð í hverju einstöku tilviki.

Þegar ákveðið er að halda áfram fullnustu erlendu refsingarinnar, er tekin ákvörðun um að erlenda refsingin skuli fullnustuð á Íslandi. Sá hluti refsingarinnar sem þegar er afplánaður er dreginn frá þeirri refsingu sem til afplánunar er. Það sama gildir ef hlutir refsingarinnar hefur verið gefinn eftir með einum eða öðrum hætti í dómssríkinu. Ef refsinginn sem dæmd er í dómssríkinu er lengri en heimilt er að dæma refsingu því hámarki sem heimilt er að dæma fyrir sambærilegan verknað á Íslandi. Refsingin getur aldrei orðið þyngri eða lengri en upprunalega refsingin.

Þegar refsingu er breytt til samræmis við íslenska réttarframkvæmd ákvarða íslenskir dómstólar nýja refsingu. Í slíkum tilvikum skal ákvarða refsingu þannig að hún svari til

þeirrar refsingar sem þú hefur verið dæmdur til ef afbrotið hefði verið framið á Íslandi. Samkvæmt samningnum getur refsing á Íslandi aldrei orðið harðari eða lengri en upphaflega refsingin og það sama gildir þótt íslensk lög hafi ákvæði um lágmarksrefsingu fyrir viðkomandi afbrot. Sá tími sem þú þegar hefur afplánað verður dreginn frá þeirri refsingu sem dæmd verður á Íslandi, ef til flutnings kemur. Fyrirfram er ekki hægt að gefa nákvæmar upplýsingar um lengd eða eðli refsingar á Íslandi þegar þessari aðferð er beytt. Þó er hægt að veita ákveðnar leiðbeiningar miðað við dómaframkvæmd þannig að auðveldara verði að taka ákvörðun um það hvort þú óskir eftir að verða fluttur til Íslands.

Ef þú verður fluttur til Íslands verður áfram haldandi afplánun á Íslandi hagað í samræmi við íslensk lög og reglur.

Önnur lögbrot.

Eftir flutning til Íslands er heimilt að höfða mál á hendur þér og fullnustu dóma sem kunna að vera óafplánaðir, vegna annarra brota.

Náðun, sakaruppgjöf o.fl.

Flutningur til Íslands kemur ekki í veg fyrir að dómsríkið eða íslensk stjórnvöld geti veitt þér náðun, sakaruppgjöf eða aðra sambærilega eftirgjöf á refsingunni.

Endurupptaka máls.

Ef, eftir flutning til Íslands, koma fram nýjar upplýsingar, sem að þínu áliti réttlæta endurupptöku málsins, verður slík beiðni einungis meðhöndluð og afgreidd af yfirvöldum eða dómstólum í dómsríkinu.

Niðurfelling refsingar.

Ef ekki er lengur heimilt, af einni eða annari ástæðu, að fullnægja refsingunni í dómsríkinu, skulu íslensk yfirvöld láta þig lausan við móttöku slíkra upplýsinga. Ef samkvæmt íslenskum lögum verður ekki lengur heimilt að fullnægja refsingunni eftir flutning til Íslands, getur dómsríkið ekki krafist þess að refsingin verði afplánað þótt þú farir aftur til dómsríkisins.

Nokkrar upplýsingar um málsmeðferð.

Beiðni um flutning til áframhaldandi afplánunar á Íslandi getur þú bæði sent til íslenskra yfirvalda eða til yfirvalda í dómsríkinu.

Ef yfirvöld í dómsríkinu eru tilbúin til að fjalla um beiðni þína um flutning senda þau upplýsingar um þig, afbrotið og dóminn sem þú hefur fengið ásamt eðli og lengd refsingar til íslenskra yfirvalda. Ef íslensk yfirvöld eru tilbúin til að fjalla um beiðnina senda þau upplýsingar um hvers konar refsingu líklegt er að þú komir til með að afplána eftir flutning (eða við áframhaldandi afplánun upplýsingar um eðli og lengd þeirrar refsingar þú verður að afplána eftir flutning) ásamt upplýsingum um reglur um reynslulausn o.fl. á Íslandi.

Með þeim fyrirvara að bæði ríkin samþykki flutning, verður þú spurður um hvort þú ennþá hefur áhuga á að verða fluttur til Íslands samkvæmt ákvæðum samningsins, eftir að þú hefur fengið upplýsingar um afleiðingar þess að verða fluttur til Íslands.